



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2889

komudagur 6.S. 2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/2889
komudagur 6.5.2010

Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,

6. maí 2010

A-8  
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis fjárlaganefndar, dags. 21. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að stofna opinbert hlutafélag til að standa að undirbúningi vegna útboðs á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Félaginu er ætlað að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs sjúkrahúss og að leigja húsnæði til langs tíma að byggingarframkvæmdum loknum með kaupréttarákvæðum. Hönnunar og framkvæmdakostnaður að viðbættum fjármagnskostnaði verður greiddur til baka í formi leigugreiðslna og að eignarhald fasteignanna flytjist við lok leigusamningsins yfir til ríkisins. Gert er ráð fyrir að lóðir og lóðarréttindi Landspítalans verði lögð inn í opinbera hlutafélagið. Félagið mun sjá um hönnun mannvirkja og undirbúning verkefnisins en nánar tilgreindir lífeyrissjóðir munu annast fjármögnun. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði með rekstri félagsins heldur er miðað við að lífeyrissjóðirnir láni félaginu fyrir þessum útgjöldum gegn veði í lóðum og lóðarréttindum.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið og vísar að öðru leyti til bréfs síns til verkefnastjórnar um byggingu nýs Landspítala frá 15. desember 2009, en fjárlaganefnd fékk sent afrit af því.

*Emundur Þorvaldursson*  
*Ríkisendurskoðun*